



Nefndasvið Alþingis  
Atvinnuveganefnd  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík: 12.4.2021  
Tilvísun: 202103-0048

**Efni: Frumvarp til laga um breytingu á raforkulögum, nr. 65/2003, og lögum um stofnun Landsnets hf., nr. 75/2004 (forsendur tekjumarka, raforkuöryggi o.fl.), 628. mál.**

Alþýðusamband Íslands gerir eftirfarandi athugasemdir við 4.gr. frumvarpsins sem ætlað er að breyta 6.mgr. 8.gr. laganna.

Það er álit ASÍ að ákvæði 6.mgr. 8.gr. gildandi laga og jafnframt sú breyting sem nú er lögð til á því ákvæði séu að óbreyttu í andstöðu við ákvæði stjórnarskrár og alþjóðlegra mannréttindasáttmála.

Núverandi 6.mgr. 8.gr. hljóðar svo:

*„Stjórnarmenn og fastráðnir starfsmenn flutningsfyrirtækis þess sem ráðherra veitir rekstrarleyfi skv. 1. mgr. skulu hafa réttindi og skyldur opinberra sýslunarmanna.“*

Í greinargerð með þessu ákvæði frá 2004 segir:

*„Lagt er til að stjórn og fastráðnir starfsmenn flutningsfyrirtækisins hafi stöðu opinberra sýslunarmanna. Er þetta gert í því skyni að þessir aðilar hafi sömu réttarstöðu og þeir starfsmenn er nú starfa í tengslum við flutning raforku.“*

*Landsvirkjun hefur hingað til rekið meginflutningskerfið. Fastráðnir starfsmenn þess fyrirtækis hafa stöðu opinberra sýslunarmanna. Af því leiðir að um þá gilda lög nr. 33/1915, um verkfall opinberra starfsmanna. Þeir hafa því ekki verkfallsrétt og eru kjör þeirra við það miðuð. Telja verður að þungvæg rök hnígi að því að tryggt sé að starfsemi flutningsfyrirtækisins verði ekki fyrir truflunum vegna vinnudeilna. Sama fyrirkomulag hefur gilt til þessa hjá þeim aðilum er nú stunda þessa starfsemi og hefur það gefist vel og ríkt um það sátt.“*

Með því frumvarpi sem nú er veitt umsögn um er lagt til að þessu ákvæði verði breytt og það hljóði þannig:

*„Stjórnarmenn og þeir starfsmenn flutningsfyrirtækisins sem samkvæmt sérstöku áhættumati þess gegna störfum sem nauðsynleg eru til að tryggja truflunarlausan rekstur flutningskerfisins mega hvorki fara í verkfall né taka þátt í verkfallsboðun. Áhættumat skal endurskoðað reglulega og vera staðfest af Orkustofnun.“*

Gerð er grein fyrir því í greinargerð, að nokkur vafi leiki á því hvernig beri að skýra hugtakið opinberir sýslunarmenn. Notkun þess hugtaks í lögum hefur á síðustu árum verið á reiki en leitast við að skilgreina það skýrar en áður, m.a. við breytingar á hegningarlögum enda getur fjöldi einstaklinga á almennum og opinberum vinnumarkaði skilgreinst þannig að þeir hafi í störfum sínum skyldur sem opinberir sýslunarmenn. Á það t.d. við um lögmenn, fasteignasala og almennt þann hóp sem hefur sérstök opinber starfsleyfi og jafnvel fleiri.

Alþýðusamband Íslands

Sættini 1 • Reykjavík

Sími: 535 5600 • Fax: 535 5601

asi@asi.is • www.asi.is



Upphafleg merking hugtaksins var þrengri og á meðan stjórnvísla ríkis og sveitarfélaga var lítil, náði það nánast til allra í þjónustu hins opinbera. Á síðustu áratugum og í kjölfar ört stækkandi stjórnvíslu ríkis og sveitarfélaga, hefur verkfallsréttur opinberra starfsmanna verið viðurkenndur og gilda nú um hann lög nr. 94/1986 en undan þeim lögum er skilinn m.a. sá hluti starfsmanna ríkis og sveitarfélaga sem fer með opinbert vald þ.e. eru opinberir sýslunarmenn í þrengri merkingu hugtaksins og fer um verkfallsrétt þeirra skv. lögum nr. 33/1915. Fjarri lagi falla því allir sem bera réttindi og skyldur sem opinberir sýslunarmenn sjálfkrafa undir ákvæði laga nr. 33/1915 eins og haldið er fram í kafla 3.15. í greinargerð frumvarpsins og endurómað úr eldri lögskýringargögnum.

Í sama kafla greinargerðarinnar (3.15) eru þau rök færð fram um takmörkun á verkfallsrétti að hann „*skuli ekki háður öðrum takmörkunum en þeim sem lög mæli fyrir um og nauðsyn beri til í lýðræðislegu þjóðfélagi vegna þjóðaröryggis eða almannaheilla, til þess að firra glundroða eða glæpum, til verndar heilsu eða siðgæði manna eða réttindum og frelsi.*“ Á þetta má fallast enda samræmist það bæði ákvæðum stjórnarskrár og mannréttindasáttmála sem Ísland er aðili að. Hins vegar fer botninn úr rökstuðningi frumvarpshöfunda þegar vísað er til dóms Hæstaréttar í málinu nr. 167/2002 þar sem fjallað var um setningu laga á verkföll sjómanna.

Afskipti stjórnvalda og löggjafarvaldsins að kjaradeilum sjómanna og m.a. þessi dómur Hæstaréttar, sætti harðri gagnrýni Alþjóðavinnuástandstofnunarinnar (ILO) og var íslenskum stjórnvöldum boðin tæknileg aðstoð stofnunarinnar til þess að tryggja að Ísland uppfyllti alþjóðlegar skuldbindingar sínar skv. samþykktum ILO nr. 87 og 98. Var það gert samhljóða á þríhliða fundi nefndar um framkvæmd samþykktu stofnunarinnar. Sjá nánar; [https://www.ilo.org/dyn/normlex/en/f?p=1000:50002:0::NO:50002:P50002\\_COMPLAINT\\_TEX\\_ID:2906722](https://www.ilo.org/dyn/normlex/en/f?p=1000:50002:0::NO:50002:P50002_COMPLAINT_TEX_ID:2906722)

Grundvöllur gagnrýni ILO laut fyrst og fremst að því, að þrátt fyrir að verkfallsrétt megi takmarka í þágu brýnna almanna- og öryggishagsmuna þá þurfi að kanna hvert tilvik sérstaklega, gæta rétttra sjónarmiða og beita meðalhófi. Gildandi 6.mgr. 8.gr. laga nr. 65/2003 gerir það ekki og þess vegna rétt að fagna því að Alþingi hyggist breyta ákvæðinu enda er það barn síns tíma, óskyrt og í andstöðu við ákvæði stjórnarskrár og alþjóðasáttmála um félagafrelsi.

Að þessu leyti styður ASÍ þær breytingar sem lagðar eru til en gagnrýnir harðlega þá nálgun sem tekin er. Skv. frumvarpinu er það flutningafyrirtækið sjálft sem gerir það áhættumat sem leggja skal til grundvallar því hvaða starfsmenn þess skuli sviptir verkfallsrétti og Orkustofnun ætlað að staðfesta það. Samkvæmt fyrrgreindum dómi Hæstaréttar, þó gagnrýni sé verður, þá er það löggjafans að meta hvort og hvenær verkfallsrétt og félagafrelsi launafólks megi takmarka og að þá skuli það gert með lögum. Að fela það mat alfarið í hendur atvinnurekandans sjálfs undir eftirliti opinberrar stofnunar sem ekki fer með löggjafarvald er andstætt félagafrelsisákvæðum stjórnarskrár og alþjóðlegum sáttmálum sem Ísland er bundið af.

Farsæla lausn á því vandamáli sem löggjafinn stendur frammi fyrir er að finna í 2.mgr. 20.gr. laga nr. 94/1986 hvað varðar þann hóp launafólks sem semur undir þeim lögum en þar segir:

„Fyrir 1. febrúar ár hvert skulu [ráðherra og sveitarfélög, að undangengnu samráði við viðkomandi stéttarfélag, birta skrár um störf þau sem falla undir ákvæði 5.–8. tölul. fyrri málsgreinar þessarar greinar. Ný skrá tekur gildi 15. febrúar næst eftir birtingu.



*Sé ný skrá ekki birt samkvæmt framangreindu framlengist síðast gildandi skrá um eitt ár. Andmæli gegn breytingum á skráum skulu borin fram fyrir 1. mars sama ár og skal ágreiningur um breytingar lagður fyrir Félagsdóm sem sker úr honum til fullnustu.“*

Hvað varðar þann hóp sem launafólks sem semur undir lögum nr. 80/1938 við sveitarfélögin er lausn að finna í ákvæðum laga nr. 129/2020 frá 8. desember það ár. Þar er mælt fyrir um samskonar nálgun, samráð og málsskots heimild til Félagsdóms.

Af þessu ástæðum leggur ASÍ til, að 6.mgr. 8.gr. frumvarpsins verði breytt til samræmis við ákvæði laga nr. 94/1986 og 129/2020 þannig að flutningsfyrirtækið undirbúi í samráði við viðkomandi stéttarfélag starfsmanna það sérstaka áhættumat sem mælt er fyrir um og að það skuli reglulega endurskoðað í samráði við þau. Jafnframt verði heimilt að bera ágreiningur undir Félagsdóm. Ákvæðið gæti þá hljóðað þannig:

*„Stjórnarmenn og þeir starfsmenn flutningsfyrirtækisins sem samkvæmt sérstöku áhættumati þess sem unnið skal í samráði við viðkomandi stéttarfélag, gegna störfum sem nauðsynleg eru til að tryggja truflunarlausan rekstur flutningskerfisins mega hvorki fara í verkfall né taka þátt í verkfallsboðun. Áhættumat skal endurskoðað reglulega í samráði við viðkomandi stéttarfélag og vera staðfest af Orkustofnun. Áhættumat skal birt opinberlega 1.febrúar ár hvert. Andmæli gegn breytingum á áhættumati skulu borin fram fyrir 1. mars sama ár og skal ágreiningur sem ekki leysist með samkomulagi lagður fyrir Félagsdóm sem sker úr honum til fullnustu.“*

Við frumvarpið verði bætt bráðabirgðaákvæði eins og gert var við setningu laga nr. 129/220, svo hljóðandi:

#### **Ákvæði til bráðabirgða.**

*„Innan eins mánaðar frá gildistöku laga þessara skal birt áhættumat skv. 6.mgr. 8.gr. Komi upp ágreiningur við þess þannig að ekki takist að ljúka gerð þess innan eins mánaðar frá gildistöku laga þessara skal ágreiningurinn lagður fyrir Félagsdóm sem sker úr honum til fullnustu.“*

Virðingarfyllst,  
f.h. Alþýðusambands Íslands,

Magnús M. Norðdahl hrl.,  
lögfræðingur ASÍ.

Alþýðusamband Íslands

Sættúni 1 • Reykjavík

Sími: 535 5600 • Fax: 535 5601

asi@asi.is • www.asi.is